

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu stjórnarsýsluheiti Gerðahrepps.

1. gr.

Ráðuneytið hefur í dag, að tillögu sveitarstjórnar Gerðahrepps, staðfest breytt stjórnarsýsluheiti fyrir sveitarfélagið. Nýtt stjórnarsýsluheiti skal vera Sveitarfélagið Garður.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. janúar 2004.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Garðs.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Garðs er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Sveitarfélagsins Garðs samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.